

AÐALFUNDUR 2022

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga



FUNDARGERÐ

Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) setti aðalfundinn kl.17:00 12. maí 2022. Í ræðu sinni bauð hún félagsmenn velkomna, bæði þá sem voru á staðnum og ekki síður þá sem tóku þátt á Teams. Fram kom í máli hennar að nú væru kosningarnar rafrænar í fyrsta sinn. Guðbjörg minnti á í ávarpi sínu að aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og því væri ánægjulegt að sjá hversu margir hefðu skráð sig á fundinn, ýmist á staðnum eða á Teams.

Hún ræddi um að framgangur hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldrinum hafi sannarlega sýnt fram á hversu mikilvæg stéttin væri og öllum ætti að vera ljóst að hjúkrunarfræðingar eru hjartað í heilbrigðiskerfinu. Nú þyrftu yfirvöld að svara kalli og áskorun frá alþjóðaráði hjúkrunarfræðinga og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni þess efnis að besta fjárfesting hvernar þjóðar til langs tíma er að fjárfesta í hjúkrun. Hún sagði að gera þurfi hjúkrunarfræði að samkeppnishæfu starfi, þar sem kjör og starfsaðstæður eru í samræmi við ábyrgð og álag. Lagði hún einnig áherslu á að eyða verði kynbundnum launamun.

Guðbjörg undirstrikaði að fram undan væru kjarasamningar og að ekki væri í boði að fá þriðja gerðardóminn. Hún lagði áherslu á nú væri rétti tíminn til að vera róleg, þetta raðirnar og vinna heimavinnuna, síðan yrði gengið fram sem eitt sameinað afl. Verkefnið væri í höndum yfirvalda og nú væri lag fyrir þau að sinna sínu hlutverki vel og tryggja sér hjúkrunarfræðinga áfram til starfa. Hún lagði ríka áherslu á að hjúkrunarfræðingar væru tilbúnir til vinnu í heilbrigðiskerfinu en væru ekki skyldugir til þess – á því væri mikill munur. Án hjúkrunarfræðinga væri íslenska heilbrigðiskerfið lítils megnugt. Að lokum bað Guðbjörg fundargesti í sal og á Teams að rísa úr sætum, sem virðingartákni við þá hjúkrunarfræðinga sem fallið hafa frá á árinu.



Kynning á rafrænu kosningakerfi

Pórður Höskuldsson frá Outcome fóryfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu sem verður alfarið rafræn fyrir fundargesti í sal og á Teams.

Kosning fundarstjóra og ritara

Samþykkt var tillaga Guðbjargar Pálsdóttur formanns Fíh.

Fundarstjóri kosinn: Gyða Baldursdóttir (1.0)

Fundarritari kosinn: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir (1.0)

Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Á síðasta starfsári stjórnar Fíh voru mörg og stór verkefni á dagskrá.

Samtals voru haldnir 12 stjórnarfundir, auk vinnudaga. Stjórnin vann eftir starfsáætluninni sem samþykkt var á aðalfundi 2021 og voru aðaláherslurnar á forystu til árangurs, þjónustu og fræðslu til félagsmanna, kjaramál og starfsumhverfi og síðast en ekki síst hjúkrun og samfélagið þar sem meðal annars var unnið að eflingu karlmannna í hjúkrun.

Haldin voru tvenn rafræn málþing, það fyrra um hjúkrunarfræðinga á tímum heimsfaraldurs og hið seinna um hjúkrun með mismunandi kynjagleraugum. Bæði mæltust mjög vel fyrir og ljóst að rafræn málþing eru komin til að vera. Ráðstefnan Hjúkrun 2022 fór fram á Hilton Reykjavík Nordica í mars. Þar komu saman um 350 hjúkrunarfræðingar af öllu landinu á tveggja daga mjög vel heppnaðri ráðstefnu.

Gerðar voru ýmsar kannanir til að fá fram álit hjúkrunarfræðinga og óskir, má þar nefna fræðslukönnun og könnun á viðhorfi hjúkrunarfræðinga og almennings til karlkyns hjúkrunarfræðinga. Niðurstöðurnar eru nýttar til að móta betur áherslur í starfi félagsins.

Störf hjúkrunarfræðinga hafa verið mjög áberandi síðustu tvö árin og hefur stéttin staðið sig með sóma í heimsfaraldrinum. Það hefur orðið vitundarvakning meðal þjóðarinnar um hversu mikilvægt það er að eiga þessa óeigingjörnu og fagmannlegu stétt þegar þörfin er brýn.

Breytingar hafa orðið hjá starfsfólki á skrifstofu félagsins á starfsárinu. Sólveig Stefánsdóttir lét af störfum sem fjármálastjóri eftir 17 ára farsælt starf hjá félaginu. Iðunn Bragadóttir tók við stöðunni tímabundið og var Hafdís Böðvarsdóttir svo ráðin nýr fjármálastjóri í nóvember. Jón Tryggvi



Jóhannesson lét af störfum sem sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs í upphafi árs og við tók Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir. Bjarni Yngvarsson sem hefur starfað sem umsjónarmaður eigna, lét af störfum í september vegna aldurs en hann hefur unnið fyrir orlofssjóð í um 10 ár. Herdís Lilja Jónsdóttir vef- og verkefnastjóri lét einnig af störfum í apríl eftir hartnær 8 ár í starfi. Í kjölfarið var tölvu- og kerfismálum félagsins úthýst til Advania og ráðinn inn kynningarstjóri félagsins, Ari Brynjólfsson

Stjórn félagsins vill þakka Sólveigu, Bjarna, Iðunni, Jóni Tryggva og Herdísu fyrir þeirra góðu vinnu í þágu hjúkrunarfræðinga og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum, um leið og hún býður Kristjönu, Hafdísu og Ara velkomin til starfa.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri Fíh gerir grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2021 (3.0).

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum og af stjórn félagsins.

Fjármálastjóri fór yfir meðalgreiðslu félagsmanna og atvinnurekenda en iðgjöld hjúkrunarfræðinga koma 70% frá launagreiðendum en 30% frá félagsmönnum.

Skipting greiðslna í mismunandi sjóði félagsins er á þann veg að félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð en launagreiðendur greiða í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð, vísindasjóð og styrktarsjóð. Farið var yfir rekstrarafkomu og eigið fé hvers sjóðs fyrir sig, en gert er ráð fyrir að hver og einn sjóður standi undir kostnaði.

Staða félagsins er mjög góð en eigið fé allra sjóða er samtals 1.254 milljónir kr. í árslok 2021.

Félagssjóður var á árinu 2021 rekinn með hagnaði upp á 35 milljónir kr. Eigið fé sjóðsins er 151.454.192 kr. í árslok 2021.

Niðurstaða Orlofssjóðs var hagnaður upp á 21 milljón kr. Orlofssjóður á mikið af fasteignum og eigið fé er 367.377.299 kr. í árslok 2021. Staða sjóðsins er því góð.

Niðurstaða Starfsmenntunarsjóðs var hagnaður upp á 164 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins er 357.737.692 kr.



Niðurstaða Styrktarsjóðs var tap upp á 42 milljónir kr. Umfang styrktarsjóðsins er að aukast og mikil aukning er í úthlutun á heilsustyrkjum og sjúkradagspeningum. Eigið fé sjóðsins var 30.444.863 kr. í árslok 2021.

Niðurstaða Vísindasjóðs á árinu 21021 var tap upp á 9.982.308 kr. Eigið fé sjóðsins er 39.282.728 kr.

Niðurstaða Vinnudeilusjóðsins var 18 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins er 308.078.775 kr. í árslok 2021.

Farið var yfir ársreikninga sjóða sem er í vörslu Fíh.

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar, eigið fé sjóðsins í árslok 2021 er 5.262.617 kr.

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen, eigið fé sjóðsins í árslok 2021 er 1.153.977 kr.

Rannsóknar- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga, eigið fé sjóðsins í árslok 2021 er 4.726.511 kr.

Reikningar félagsins voru samþykktir með 71 atkvæði eða 98,61% atkvæða. Einn skilaði auðu.

Ákvörðun um félagsgjöld

Gísli Níls Einarsson gjaldkeri stjórnar Fíh kynnti tillögu um að félagsgjöld verði óbreytt frá fyrra ári (4.0).

Félagsgjald er 0,9% af heildarlaunum og skipting félagsgjalds er eftirfarandi: 0,85% af heildarlaunum fer í félagssjóð. 0,05% af heildarlaunum fer í vinnudeilusjóð. Hámarksgreiðsla fyrir hvern félagsmann er 130 þúsund krónur.

Tillaga gjaldkera vegna félagsgjalda var samþykkt með 71 atkvæði eða 98,61% greiddra atkvæða. Einn skilaði auðu.

Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsárs

Ásdís M Finnbogadóttir varamaður í stjórn Fíh kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023 (5.0). Í starfsáætluninni koma fram fjórar megináherslur sem eiga að þjóna félagsmönnum og eru stéttinni til hagsbóta. Áhersluatriðin fjögur eru:

Kjaramál og starfsumhverfi



Meginverkefni stjórnar eru kjaramál og undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga með áherslu á að leiðrétta kynbundinn launamun. Haldin verður kjararáðstefna og kannanir gerðar á kjörum, starfsumhverfi, öryggi og vinnuvernd.

Lögð verður áhersla á að knýja fram lagasetningu um mönnunarviðmið í heilbrigðiskerfinu til að bæta öryggi og aðbúnað hjúkrunarfræðinga í starfi. Einnig lagabreytingar í tengslum við tilkynningar, rannsókn og málsmeðferð alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu.

Áfram verður öflug og aðgengileg fræðsla fyrir trúnaðarmannaráð og trúnaðarmenn.

Hjúkrun og samfélagið

Lögð verður áhersla á fræðslu og stuðning fyrir hjúkrunarfræðinga til að mæta breyttum þörfum samfélagsins eftir heimsfaraldur.

Haldið verður áfram þróun á stafrænum lausnum til að bæta þjónustu við félagsmenn. Stuðningur og fræðsla við erlenda hjúkrunarfræðinga verður aukinn. Unnið verður samkvæmt aðgerðaáætlun á grundvelli viðhorfskannana til karlkyns hjúkrunarfræðinga til að stéttin endurspegli betur samfélagið.

Þekking og nýsköpun í hjúkrun

Lögð er áhersla á áframhaldandi þróun, þekkingu og vísindarannsóknnum í hjúkrun. Auka á frekara samstarf fag- og landsvæðadeilda um þekkingu í hjúkrun. Stuðla að aukinni nýsköpun í hjúkrun og hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu ásamt nýjum þjónustuleiðum í samræmi við þarfir notenda hennar.

Forysta til árangurs

Hjúkrunarfræðingar sýni frumkvæði og forystu við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar á öllum þjónustustigum. Áhersla verður á að efla leiðtoga í hjúkrun samkvæmt Alþjóðaráði hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

Einnig þarf að endurvefja stöðu yfirhjúkrunarfræðings innan stjórnarsýslunnar í samræmi við tilmæli WHO til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í landinu.

Fjölga þarf áfram markvisst sérfræðingum í hjúkrun og verður unnið samkvæmt stefnumiðum í stefnu félagsins til 2030 um forystu til árangurs.

Markmið og starfsáætlun samþykkt með 93,42% atkvæða.



Ákvörðun um laun stjórnar, sjóða og nefnda

Gísli Níls Einarsson gjaldkeri stjórnar Fíh kynnti tillögu stjórnar að launaröðun í stjórn, sjóði og nefndir (6.0) Launaröðun stjórnar Fíh er tímakaup miðað við launaflokk 14-5 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs. Launaröðun fyrir nefndarstörf á vegum Fíh er tímakaup miðað við launaflokk 10-5 í núgildandi kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs.

Tillaga gjaldkera vegna launa stjórnar, sjóða og nefnda var samþykkt með 87,65% greiddra atkvæða, 3,70% voru á móti.

Kjör í stjórn, nefndir og ráð

Ólöf Árnadóttir formaður kjörnefndar fór yfir kjör í nefndir, stjórn og ráð (7.0).

Stjórn

Í framboði sem aðalmenn í stjórn voru þrjú aðilar og einn varamaður. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram:

- Anna Kristín B. Jóhannesdóttir,
- Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir,
- Helga Bragadóttir,
- Hulda Björg Óladóttir,
- Inga Valborg Ólafsdóttir
- Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen

Varamaður stjórn einn fulltrúi (sjálfkjörin)

- Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir

Ritnefnd

Í ritnefnd var auglýst eftir þremur framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:



- Kristín Linda Hjartardóttir
- Páll Biering
- Þórunn Sigurðardóttir

Skoðunarmenn reikninga

Kjósa þarf skoðunarmenn reikninga árlega. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir (tveir fulltrúar):

- Herdís Herbertsdóttir
- Þórgunnur Hjaltadóttir

Önnur mál

Stofnun nýrra deilda

Halla Eiríksdóttir varaformaður Fíh kynnti stofnun nýrrar deildar (9.1).

Karladeild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, deild sem er ætlað að auka aðsókn, draga úr brottfalli og vera ráðgefandi um málefni karla í hjúkrun.

Tillagan um stofnun nýrrar deilda var samþykkt með 94,59% atkvæða, 2,70% voru á móti.

Ályktanir

Halla Eiríksdóttir varaformaður Fíh lagði fram ályktanir stjórnar (9.2).

sem voru sex talsins

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktanir:

1) Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 12. maí 2022 hefur gífurlegar áhyggjur af vöntun á hjúkrunarfræðingum til starfa og skorar á yfirvöld að bæta kjör og starfsumhverfi til að fjölga hjúkrunarfræðingum í heilbrigðiskerfinu.

Tryggja þarf nægan fjölda útskrifaðra hjúkrunarfræðinga og draga úr brottfalli þeirra úr starfi skömmu eftir útskrift. Það er mikilvægt að mönnun hjúkrunarfræðinga sé tryggð til lengri og skemmri tíma.

Sporna þarf við því að hjúkrunarfræðingar sækji í önnur störf og fá þá sem hafa horfið til annarra starfa



aftur til baka. Leiðirnar til þessara bráðnauðsynlegu úrbóta er að finna í skýrslum heilbrigðisráðuneytisins Mönnun hjúkrunarfræðinga (2020) og Tillögur til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga (2020) sem og eldri skýrslum sem innihalda sömu tillögur.

2) Aðalfundur Fíh skorar á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir leiðréttingu á kynbundnum launamun hjúkrunarfræðinga.

Útrýma þarf kynbundnum launamun sem fram kom meðal annars í niðurstöðu Gerðardómsárið 2020. Þar segir að vísbendingar eru um að hjúkrunarfræðingar séu vanmetin kvennastétt með tilliti til launa og ábyrgðar í starfi. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að farið verði í aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun og jafnréttismál verði alltaf í forgrunni við ákvarðanatöku. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fer fram á að unnið verði markvisst að því að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á störfum þar sem konur eru í meirihluta.

3) Aðalfundur Fíh skorar á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir lagasetningu um mönnunarviðmið í heilbrigðiskerfinu til að tryggja öruggara starfsumhverfi og betri gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Mikilvægi viðeigandi mönnunar er ótvírætt og ljóst að ófullnægjandi mönnun hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins er farin að ógna öryggi skjólstæðinga og starfsfólks. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga krefst þess að sett verði viðmið um mönnun hjúkrunarfræðinga sambærileg og hjá þjóðum sem við viljum bera okkur saman við til að hægt sé að meta stöðuna út frá þjónustunni sem við veitum. Fjölbjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að lögfesting mönnunarviðmiða eykur mönnun hjúkrunarfræðinga og bætir þar með gæði þjónustunnar og öryggi skjólstæðinga.

4) Aðalfundur Fíh fer fram á að heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra leggi fram tillögu að lagabreytingum í tengslum við tilkynningar, rannsókn og málsmeðferð alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu þar sem hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk kemur við sögu. Framganga yfirvalda í garð hjúkrunarfræðinga á síðustu árum kallar á breyttan lagaramma.

5) Aðalfundur Fíh skorar á heilbrigðisráðherra að skipa stöðu yfirhjúkrunarfræðings í efsta lagi stjórnsýslu heilbrigðismála í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO.

Hjúkrunarfræðingar gegna ótvíræðu forystuhlutverki við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar á öllum þjónustustigum. Til að hægt sé að ná fram markmiðum heilbrigðisstefnu stjórnvalda



þarf fjölmennasta heilbrigðisstéttin að koma að borðinu. Í nýlegri skýrslu WHO er áréttað mikilvægt hlutverk hjúkrunarfræðinga við uppbyggingu heilbrigðiskerfa heimsins. Bendir WHO á að staða yfirhjúkrunarfræðings sé mikilvæg til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í landinu.

„Hjúkrunarfræðingar eru hryggjarstykkið í heilbrigðiskerfi allra landa,“ sagði dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus, framkvæmdastjóri WHO. „Þessi skýrsla er áþreifanleg áminning um einstakt hlutverk hjúkrunarfræðinga og áminning um að tryggja að þeir fái þann stuðning sem þeir þurfa til að halda heiminum heilbrigðum. Um allan heim sýna þeir samúð sína, hugrekki, fagmennsku og áræði þegar þeir bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum. Aldrei áður hefur verið sýnt fram á gildi þeirra með skýrari hætti en nú.“

6) Aðalfundur Fíh beinir því til heilbrigðisráðherra að tryggja greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í heilbrigðisþjónustu sem veitt er af hjúkrunarfræðingum.

Nauðsynlegt er að auka kaup hins opinbera á sjálfstæðri þjónustu hjúkrunarfræðinga til að tryggja bætt aðgengi notenda heilbrigðisþjónustunnar og auka skilvirkni í heilbrigðiskerfinu. Slíkt stuðlar að aukinni nýsköpun og hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu ásamt nýjum þjónustuleiðum í samræmi við þarfir notenda hennar.

Niðurstöður kosninga

Ólöf Árnadóttir formaður kjörnefndar fór yfir niðurstöðu kosninga í stjórn Fíh.

Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

Anna Kristín B. Jóhannsdóttir, 57 atkvæði.

Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, 56 atkvæði.

Hulda Björg Óladóttir 55 atkvæði.

Stjórn Fíh 2022-2024 var því réttkjörin:

Anna Kristín B. Jóhannsdóttir

Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir



Hulda Björg Óladóttir (3 fulltrúar)

Varamaður: Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir – sjálfkjörin (1 varamaður)

Afhending hvatningastyrkja

Guðbjörg Pálsdóttir formaður afhenti eftirfarandi hjúkrunarfræðingum hvatningarstyrki félagsins:

Katrín Ösp Jónsdóttir hlaut hvatningarstyrk fyrir störf sín tengd samúðarpreyту.

Margrét Guðnadóttir er verkefnastjóri SELMA, hlaut hvatningastyrk fyrir störf sín í sérhæfðu öldrunarteymi sem er með hag aldraðra í heimahúsum að leiðarljósi.

Atli Már Markússon hlaut hvatningastyrk fyrir störf sín tengd kennslu og þjálfun fyrir hjúkrunarfræðinga sem vilja starfa í sjúkrahúsum.

Stefanía Birna Arnardóttir hlaut hvatningarstyrk fyrir frumkvöðlastarf tengt snemmtækrar íhlutunar þegar foreldrar með geðrænan vanda eiga von á barni.

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir hlaut hvatningastyrk fyrir störf sín tengt þjálfun og kennslu í hermisetri ásamt skipulagningu sérhæfðra námskeiða m.a. fyrir hjúkrunarfræðinga.

Afhending rannsóknarstyrkja úr B-hluta vísindasjóðs

Marianne Klinke formaður stjórnar Vísindasjóðs afhenti styrki B-hluta Vísindasjóðs til 12 hjúkrunarfræðinga. Alls hlutu 12 hjúkrunarfræðingar styrk úr sjóðnum að upphæð 7.225.000 krónum.

Aðalfundi slitið

Lokaorð formanns Fíh:

Guðbjörg stiklaði á stóru varðandi þau málefni sem tekin voru fyrir á fundinum. Þar talaði hún meðal annars um að aðalfundurinn væri að þessu sinni sögulegur, þar sem nú hefði verið í fyrsta sinn kosið rafrænt. Hún talaði um þá miklu aukningu sem orðið hefur á umsóknum í styrktarsjóð félagsins og að hann hefði í raun þrefaldast á árunum 2017-2021. Þá hafi fjöldi hjúkrunarfræðinga sem byggja þjónustu frá VIRK tvöfaldast frá 2018-2021. Um þessar mundir er formaður og starfsfólk kjara- og



réttindasviðs að fara um landið og funda með hjúkrunarfræðingum. Fram kom að hljóðið í félagsmönnum er vægast sagt þungt og vekur það áhyggjur hjá félaginu. Formaður ætlar að loknum þessum fundum fara á fund heilbrigðisráðherra og gera honum grein fyrir stöðunni á landsvísu svo hann sé vel upplýstur um þessa erfiðu stöðu í upphafi sumarsins.

Guðbjörg hvatti hjúkrunarfræðinga til að taka sér lögbundið frí í sumar, njóta þess með fjölskyldu og vinum, hvíla sig og njóta lífsins. Koma svo aftur til starfa, tilbúnir að veita áfram bestu mögulegu hjúkrunarþjónustu. Hún hvatti félagsmenn til að muna eftir mennskunni. Sýna hvor öðrum mennsku og mildi og standa þannig vörð um okkur sjálf og samferðafólk okkar.

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh sleit aðalfundi klukkan 20:40.

Á aðalfundinn voru skráðir 155 félagsmenn með kosningarétt. Á fundinn mættu 113 með kosningarétt og 42 sem ekki höfðu skráð sig og nýttu þar með ekki sinn kosningarétt.

Þóra Gunnarsdóttir fundarritari

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir fundarritari

Gyða Baldursdóttir fundarstjóri